



HRUNAMANNAHREPPUR

8. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2014 – 2018 1. FUNDUR ÁRSINS

VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 8. JANÚAR 2015

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2015, þann 8. janúar kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Endurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps.
2. Drög að mörkun atvinnustefnu Hrunamannahrepps.
3. Stígamót: Beiðni um styrk.
4. Hrunaheiðar: Afréttareign Kirkjumálasjóðs.
5. Refaveiðar. Samningar.
6. Samband sunnlenskra kvenna: Beiðni um styrk.
7. Fannborg ehf: Framlenging á samningi um aðstöðuna í Kerlingarfjöllum.
8. Flóahreppur: Umsókn um inngöngu í Tæknisvið Uppsveita.
9. Landssamband slökkviliðs og sjúkraflutningamanna: Umsókn um styrk vegna Eldvarnaáttaksins 2014.
10. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um húsaleigubætur (réttur námsmanna).
11. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga.
12. Skipulagsstofnun: Tillaga að Landskipulagsstefnu 2015-2026 til kynningar.
13. Landsnet: Mótun kerfisáætlunar 2015-2024.
14. Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

15. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 5. fundar nefndarinnar frá 6. janúar s.l.
-liggur frammi á fundinum-

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu:

16. Fundargerð 82. fundar skipulagsnefndar frá 8. Janúar.
-liggur frammi á fundinum-
17. NOS: Fundargerð 4. fundar frá 8. desember s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 161. fundar stjórnar frá 12. desember s.l.
- b. Almannaþingir Árnassýslu: Fundargerð 21. fundar Almannaþingarnefndar frá 19. desember s.l.
- c. SASS: Fundargerð 488. fundar stjórnar frá 12. desember s.l.

Kynningarmál:

- d. Nattura.is.
- e. Uppsveitarbrosið: Logo.
- f. Minjastofnun: Deiliskipulagsbreyting í Högnastaðaási.
- g. Mennta og menningarmálaráðuneytið: Styrkir vegna námsupplýsingakerfis.
- h. Mentor. Námsupplýsingakerfi.
- i. Tæknisvið Uppsveita: Verkfundagerð vegna íþróttahúss.
- j. Fréttabréf Keringarfjallavina.
- k. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 17. stjórnarfundar frá 10. október s.l.
- l. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 18. stjórnarfundar frá 26. nóvember s.l.
- m. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 823. fundar stjórnar frá 12. desember s.l.
- n. Landgræðsla Ríkisins: Samþykkt landbótaáætlun.
- o. Umhverfisstofnun: Endurgreiðsla vegna refa- og minkaveiða.
- p. UMFÍ: 28. Landsmót UMFÍ.
- q. Stjórn sambands íslenskra sveitarfélaga: Bókun stjórnar frá 12. desember

- r. Brunavarnir Árnesinga: Heimsókn.
- s. Ungmennafélag Íslands: Gisting ungmenna.

Gengið til dagskrár:

Erindi til sveitarstjórnar:

1. **Endurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps.**

Oddviti kynnti málið og lagði fram drög að lýsingu fyrir endurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps 2016-2028. Jafnframt var lagt fram tilboð í fornleifaskráningu í sveitarfélaginu og drög að samningi við Skipulagsstofnun. Á fundinn mættu undir þessum lið þeir Gísli Gíslason og Ásgeir Jónsson frá Steinsholti sf skipulagsráðgjafar verkefnisins og fóru yfir þessi mál. Sveitarstjórn þakkar þeim Gísla og Ásgeiri fyrir góða yfirferð um málefnið. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi lýsingu á endurskoðun aðalskipulagsins í samræmi við umræður á fundinum og felur skipulagsfulltrúa að kynna hana fyrir almenningi og leita umsagnar umsagnaraðila í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að láta fara fram greiningu á landbúnaðarlandi sveitarfélagsins í samræmi við tilboð skipulagsráðgjafa. Þá er sveitarstjóra og skipulagsráðgjöfum falið að útfæra samning við Fornleifastofnun um skráningu fornleifa í Hrunamannahreppi og einnig samning við Skipulagsstofnun um þátttöku Skipulagsstofnunar í aðalskipulagsvinnunni.
2. **Drög að mörkun atvinnustefnu Hrunamannahrepps.**

Oddviti kynnti drög að atvinnustefnu fyrir sveitarfélagið sem unnin hefur verið af hálfu SASS fyrir sveitarfélagið. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og oddvita að koma á framfæri athugasemdum sem fram hafa komið á fundinum við stefnuna. Stefnan fer síðan í frekari vinnslu, m.a. í þeim hópum sem komu að gerð hennar innan sveitarfélagsins.
3. **Stígamót: Beiðni um styrk.**

Oddviti kynnti umsókn frá Stígamótum um styrk vegna verkefna næsta árs. Sveitarstjórn hafnar erindinu.
4. **Hrunaheiðar: Afréttareign Kirkjumálasjóðs.**

Oddviti kynnti rökstuðning fyrir því að Hrunamannahreppur kaupi réttindi Kirkjumálasjóðs, svokallaða afréttareign á Hrunaheiðum. Fyrir liggur umsögn landbúnaðarnefndar sem tekur jákvætt í erindið. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að gera Kirkjumálasjóði tilboð í afréttareign þeirra á Hrunaheiðum á forsendum sem ræddar voru á fundinum.
5. **Refaveiðar. Samningar.**

Oddviti kynnti samninga sem hafa verið í gildi um refaveiðar í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að gera áframhaldandi samninga við refaveiðimenn sveitarfélagsins í samræmi við umræður á fundinum.
6. **Samband sunnlenskra kvenna: Beiðni um styrk.**

Oddviti kynnti beiðni um styrk frá Sambandi sunnlenskra kvenna vegna kostnaðar við Landsþings Kvenfélagasambandsins á Selfossi næstkomandi haust. Sveitarstjórn hafnar erindinu.
7. **Fannborg ehf: Framlenging á samningi um aðstöðuna í Kerlingarfjöllum.**

Oddviti kynnti umsókn Fannborgar ehf til Samstarfsnefndar um málefni þjóðlenda um framlengingu á aðstöðu fyrir starfssemi Fannborgar ehf í Kerlingarfjöllum.
8. **Flóahreppur: Umsókn um inngöngu í Tæknisvið Uppsveita.**

Oddviti kynnti erindi frá Flóahreppi til Tæknisviðs Uppsveita þar sem óskað er eftir inngöngu í tæknisviðið. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur oddvita að ræða við oddvita uppsveitanna um útfærslu á verkefninu. Sveitarstjórn leggur til að sameining Tæknisviðs uppsveita og Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs. verði skoðuð.
9. **Landssamband slökkviliðs og sjúkraflutningamanna: Umsókn um styrk vegna Eldvarnaáttaksins 2014.**

Oddviti kynnti umsókn um styrk frá landssambandi slökkviliðs og sjúkraflutningamanna vegna Eldvarnaráttaksins 2014. Sveitarstjórn hafnar erindinu.
10. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um húsaleigubætur (réttur námsmanna).**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um húsaleigubætur.

11. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga.
12. **Skipulagsstofnun: Tillaga að Landsskipulagsstefnu 2015-2026 til kynningar.**
Oddviti kynnti málið. Sveitarstjórn felur skipulagsnefnd að gæta hagsmuna Hrunamannahrepps í málinu.
13. **Landsnet: Mótun kerfisáætlunar 2015-2024.**
Oddviti kynnti beiðni frá Landsneti um upplýsingar frá sveitarfélaginu vegna móttunar kerfisáætlunar. Sveitarstjórn telur nauðsynlegt að huga að nægu framboði á orku inn á svæðið til að orkufrekar greinar geti aukið starfsemi sína, t.d. vegna lýsingu í garðyrkju.
14. **Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf.**
Oddviti kynnti fyrirhugaða lántöku frá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 93.000.000 kr. til 20 ára, í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið til að fjármagna stækkun íþróttahúss, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Jafnframt er Jóni G. Valgeirssyni, sveitarstjóra, kt: 060568-4809, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. sveitarfélagsins Hrunamannahrepps að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

15. **Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 5. fundar nefndarinnar frá 6. janúar s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 5. fundar landbúnaðarnefndar frá 6. janúar s.l. Farið var yfir umsögn Atvinnuvega- og Nýsköpunarráðuneytisins um breytingu á fjallskilasamþykkt Árnassýslu austan vatna og mat á því hvort æskilegt væri að Hrunamannahreppur gerði tilboð í afréttareign Kirkjumálasjóðs á Hrunaheiðum og önnur mál. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu:

16. **Fundargerð 82. fundar skipulagsnefndar frá 8. janúar.**
Oddviti kynnti fundargerð 82. fundar skipulagsnefndar frá 8. janúar 2015. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:
Mál nr. 5: Ásgarður, kerlingarfjöll: Deiliskipulagsbreyting
Lögð var fram að lokinni auglýsingu tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir hálendismiðstöðina í Kerlingarfjöllum, ásamt umhverfisskýrslu. Tillagan var auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 þann 13. nóvember 2014 með athugasemdafresti til 29. desember. Engin athugasemd barst á kynningartíma en borist hefur umsögn frá Umhverfisstofnun dags. 29. desember. Þá liggja einnig fyrir viðbrögð umsækjenda dags. 31. desember 2014 við athugasemdum og ábendingum Umhverfisstofnunar.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagsbreytinguna óbreytta frá auglýstri tillögu.
Mál nr. 6 : Iðnaðarsvæði P1:Flúðir: Deiliskipulag.
Lögð fram tillaga að lýsingu skipulagsverkefnis vegna deiliskipulags gámastöðvar og svæðis til meðhöndlunar seyru á svæði norðan við Flúðir. Svæðið er í aðalskipulagi merkt sem iðnaðarsvæði P1. Á svæðinu er í dag starfrækt gámasvæði en með deiliskipulaginu er gert ráð fyrir að útvíkka starfsemina. Gert er ráð fyrir að samhliða afgreiðslu deiliskipulags verði aðalskipulagi breytt á þann veg að svæðið stækkar frá 0,7 ha upp í um 3 ha.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og felur skipulagsfulltrúa að kynna hana skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga og leita umsagnar Skipulagsstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.
Mál nr.7 : Iðnaðarsvæði P1:Flúðir: Aðalskipulagsbreyting.
Lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015 sem felst í að iðnaðarsvæði norðan Flúða, merkt P1 stækkar úr 0,7 ha í um 3 ha. Er breytingin gerð í tengslum við gerð deiliskipulags svæðisins og fyrirætlanir um

að bæta við starfsemi í tengslum við meðhöndlun á úrgangi. Að mati nefndarinnar er um óverulega breytingu á aðalskipulagi að ræða þar sem ekki er verið að gera verulegar breytingar á núverandi starfsemi svæðisins auk þess sem stækkun þess er minniháttar.

Sveitarstjórn samþykkir aðalskipulagsbreytinguna skv. 2. mgr. 36.gr. skipulagslaga nr. 123/2010

17. **NOS: Fundargerð 4. fundar frá 8. desember s.l.**

Oddviti lagði fram fundargerð 4. fundar NOS. Þar var farið yfir málefni Skólalþjónustunnar þar sem m.a. var lagt til að ráðinn yrði sálfræðingur til viðbótar í 50% starf. Þá voru kynnt drög að nýjum samþykktum fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs og önnur mál. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

a. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 161. fundar stjórnar frá 12. desember s.l.**

Lagt fram til kynningar.

b. **Almannavarnir Árnæssýslu: Fundargerð 21. fundar Almannavarnarnefndar frá 19. desember s.l.**

Lagt fram til kynningar.

c. **SASS: Fundargerð 488. fundar stjórnar frá 12. desember s.l.**

Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

d. **Nattura.is.**

Lagt fram til kynningar.

e. **Uppsveitarbrosið: Logo.**

Lagt fram til kynningar.

f. **Minjastofnun: Deiliskipulagsbreyting í Högnastaðaási.**

Lagt fram til kynningar.

g. **Mennta og menningarmálaráðuneytið: Styrkir vegna námsupplýsingakerfis.**

Lagt fram til kynningar.

h. **Mentor. Námsupplýsingakerfi.**

Lagt fram til kynningar.

i. **Tæknisvið Uppsveita: Verkfundagerð vegna íþróttahúss.**

Lagt fram til kynningar.

j. **Fréttabréf Keringarfjallavina.**

Lagt fram til kynningar.

k. **Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 17. stjórnarfundar frá 10. október s.l.**

Lagt fram til kynningar.

l. **Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 18. stjórnarfundar frá 26. nóvember s.l.**

Lagt fram til kynningar.

m. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 823. fundar stjórnar frá 12. desember s.l.**

Lagt fram til kynningar.

n. **Landgræðsla Ríkisins: Samþykkt landbótaáætlun.**

Lagt fram til kynningar.

o. **Umhverfisstofnun: Endurgreiðsla vegna refa- og minkaveiða.**

Lagt fram til kynningar.

p. **UMFÍ: 28. Landsmót UMFÍ.**

Lagt fram til kynningar.

q. **Stjórn sambands íslenskra sveitarfélaga: Bókun stjórnar frá 12. desember.**

Lagt fram til kynningar.

r. **Brunavarnir Árnesinga: Heimsókn.**

Lagt fram til kynningar.

s. **Ungmennafélag Íslands: Gisting ungmenna.**

Lagt fram til kynningar.

Ekki fleira tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:20.